



Fleiri halda eigin tönnum lengur

Lífsskilyrði, s.s. efnahagur, menntun, atvinna, félagsleg staða og aðgengi að heilbrigðisþjónustu auk lifnaðarháttar á borð við mataræði og tannhirðu, hafa áhrif á tannheilsu. Einn þeirra mælikvarða sem gefur vísbendingar um tannheilsu þjóðarinnar byggir á fjölda tanna í munn. Í reglubundinni rannsókn á vegum Embættis landlæknis, [Heilsa og líðan Íslendinga](#), hafa þátttakendur verið spurðir um fjölda tanna í neðri og efri gómi. Hér á eftir eru niðurstöður fyrrnefndrar rannsóknar árin 2007, 2012 og 2017 bornar saman við niðurstöður úr póstkönnunum Guðjóns Axelssonar og félaga¹ frá árunum 1990, 1995 og 2000.

Eins og sjá má í töflu 1 hefur orðið jákvæð þróun á tannheilsu landsmanna. Tæplega 85% Íslendinga á aldrinum 18–44 ára voru með allar eigin tennur (28 tennur eða fleiri) árið 2017, samanborið við rúmlega 50% árið 1990.

Einnig er ljóst að á sama tíma og fjölgar í hópi fullorðinna sem eru með allar eigin tennur þá fækkar tannlausum jafnt og þétt. Árið 2017 voru 3,6% Íslendinga á aldrinum 18-79 ára tannlausir samanborið við tæplega 26% árið 1990 (mynd 1).

Heilbrigði tanna skiptir miklu máli fyrir almenna heilsu og vellíðan en ákveðinn lágmarksfjöldi eigin tanna í hvorum


	1990	1995	2000	2007	2012	2017
18-44 ára	51,7	57,3	65,7	77,0	79,4	84,3
45-54 ára	14,5	21,5	36,2	40,7	47,4	55,3
55-64 ára	3,7	6,7	13,5	20,1	27,8	36,6
65-79 ára	2,6	2,7	3,2	7,1	9,7	16,7
18-79 ára	29,5	35,5	44,3	52,6	55,9	59,5

Tafla 1. Hlutfall 18-79 ára Íslendinga með 28 eða fleiri tennur.

gómi, sem miðast við 10 tennur, tryggir alla jafna viðunandi tyggingarfærni og tjáningu.

Þótt eigin tönnum fækki jafnan með hækkandi lífaldri þá fjölgar jafnt og þétt í þeim hópi 65-79 ára Íslendinga sem eru með 10 eða fleiri tennur í hvorum gómi. Er hlutfallið nú tæplega 50%

samanborið við tæplega 20% árið 2000 (mynd 2). Ef hópurinn er stækkaður og áttæðum og eldri bætt við eru um 44% Íslendinga 65 ára og eldri með 10 eða fleiri tennur í hvorum gómi. Enn er því stefnt að markmiðinu sem um er getið í [heilbrigðisáætlun til ársins 2010, þ.e. að yfir 50% fólks 65 ára og eldra hafi a.m.k. 20 tennur í biti](#).



Mynd 1. Hlutfall 18-79 ára Íslendinga með allar eigin tennur í munn og hlutfall tannlausra.

Efni: bls. 1
Fleiri halda eigin tönnum lengur

Ritstjórn
Sigríður Haraldsdóttir sviðsstjóri, ábm.
Védís Helga Eiríksdóttir

Ritstjóri
Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

Embætti landlæknis

Barónsstíg 47
101 Reykjavík
Sími 510 1900
Bréfasími 510 1919
mottaka@landlaeknir.is
www.landlaeknir.is




12. árgangur. 7. tölublað. Ágúst 2018

Á mynd 2 má einnig sjá að árið 2017 voru 16,7% Íslendinga á aldrinum 65-79 ára tannlausir samanborið við 67,1% árið 1990.

Aðgengi að tannlæknaþjónustu

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar Heilsa og líðan Íslendinga árið 2017 sögðust 73% landsmanna, 18 ára og eldri, fara að minnsta kosti einu sinni á ári til tannlæknis. Hlutfallslega fleiri konur (78%) skiluðu sér til tannlæknis árlega heldur en karlar (68%). Hins vegar mætti einungis um helmingur 67 ára og eldri (54%) til tannlæknis árið 2017 samkvæmt [upplýsingum frá Sjúkratryggingum Íslands](#). Enginn samningur um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga vegna tannlæknaþjónustu fyrir eldra fólk hefur verið í gildi frá árinu 2004 sem hefur leitt til þess að raunveruleg kostnaðarhlutdeild eldra fólks vegna tannlækninga hefur farið sífellt hækkandi (var um 70% árið 2017). Í febrúar 2018 var skipaður starfshópur á vegum velferðarráðuneytis sem skilaði tillögum um raunhæfa kostnaðarþátttöku Sjúkratrygginga Íslands í tannlæknaþjónustu aldraðra miðað við viðbótarmögnun, samning við tannlækna og samræmda verðlagningu. Þann 1. september 2018 tekur ramma-samningur um tannlækningar fyrir eldra fólk gildi en hann tryggir að lágmarki



Mynd 2. Hlutfall 65-79 ára og 65 ára og eldri Íslendinga með 10 eða fleiri tennur í hvorum gómi og hlutfall 65-79 ára og 65 ára og eldri tannlausra Íslendinga.

50% greiðsluþátttöku vegna tannlæknaþjónustu sem fellur undir tryggingar. Er stefnt að hækkun í 75% greiðsluþátttöku að ári, í samræmi við [reglugerð um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði sjúkratryggðra við tannlækningar](#). Kostnaður vegna tannlækninga eldra fólks sem dvelur á sjúkrastofnunum eða hjúkrunarheimilum verður greiddur að fullu (100%) af Sjúkratryggingum frá 1. september 2018 og því raunhæft að ábyrgð á tannlæknaþjónustu eldra fólks á hjúkrunarheimilum færast frá aðstandendum yfir á heimilin sjálf.

Þegar haft er í huga að fjölgun í hópi eldra fólks er langt umfram fjölgun landsmanna almennt og fleiri halda

eigin tönnum lengur er vaxandi viðhaldsþörf tanna staðreynd. Unnið verður áfram að heilðrænni stefnu í tannheilbrigðismálum eldra fólks en það er ljóst að með endurskoðun á greiðsluþátttökukerfinu hefur hornsteinn verið lagður sem jafnar aðgengi eldra fólks að nauðsynlegri tannlæknaþjónustu og stuðlar að betri tannheilsu þegar aldurinn færast yfir.

Hólmfríður Guðmundsdóttir
Jón Óskar Guðlaugsson

¹ Guðjón Axelsson og Sigrún Helgadóttir. (1993). *Breytingar á tannheilsu Íslendinga 1985–2000. Annar áfangi: Tannheilsa Íslendinga árið 1990*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Guðjón Axelsson, Helgi Þórsson og Sigurður Rúnar Sæmundsson. (1999). *Breytingar á tannheilsu Íslendinga 1985–2000. Þriðji áfangi: Tannheilsa Íslendinga árið 1995*. Reykjavík: Tannlækningastofnun.

Guðjón Axelsson, Elín Sigurgeirsdóttir og Sigrún Helgadóttir. (2004). *Breytingar á tannheilsu Íslendinga 1985–2000. Fjórði áfangi: Tannheilsa Íslendinga árið 2000*. Reykjavík: Tannlækningastofnun, Háskólaútgáfan.